

55. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í fjarfundi fimmtudaginn 3.9 2020 kl. 10.

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Eva Björk Harðardóttir, Björg Árnadóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund. Eftirfarandi var tekið fyrir á fundinum:

- Rætt um undirbúning áður boðaðs fundar með sveitarstjórnarfulltrúum og byggingarfulltrúum sveitarfélaganna þriggja á Hótel Vík kl. 16-18 þriðjudaginn 8. september. Samþykkt að annars vegar verði Alta með stutta framsögu um niðurstöðu stefnumótunarvinnunnar fyrir á árinu og hins vegar mundu Berglind og Jóhannes segja stuttlega frá núverandi verkefnum jarðvangsins, og í örstuttu máli frá meginverkefnum sem hafa verið unnin. Að öðru leyti lögð áhersla á að gott rými verði fyrir skoðanaskipti og umræður á fundinum. Ákveðið að tengiliðir sveitarfélaganna verði einnig boðaðir á fundinn.
- Rætt um undirbúning áætlanagerðar fyrir næsta starfsár og komu m.a. fram þau sjónarmið að mikilvægt væri að vinna hana út frá forgangsröðun verkefna í ljósi stefnumótunarinnar.
- Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Hvolsvelli föstudaginn 25. september kl. 13:30.

Fjarfundi slitið kl.10:45.